

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 180/1995.

Óðinn Haraldsson

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Guðmundi Ægi Jóhannssyni

(Ólafur Axelsson hrl.)

Skaðabætur. Líkamsmeiðingar. Örorka. Sakarskipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1995. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að sök verði skipt og hann aðeins dæmdur til að greiða hluta hinnar stefndu fjárhæðar með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júní 1991 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta 2. febrúar 1996, og rekur hann mál þetta hér fyrir dómi með heimild skiptastjóra búins.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, er margt óljóst um samskipti aðila og hvernig átökin urðu. Nægilega er þó í ljós leitt, að áfrýjandi hefur valdið áverkum stefnda, og ósann- að er, að um neyðarvörn hafi verið að ræða af hans hálfu. Ber því áfrýjandi ábyrgð á því tjóni, sem stefndi varð fyrir. Ekki verður þó með öllu þvertekið fyrir, að stefndi hafi með framkomu sinni átt þátt í því, hvernig fór, og tók hann m. a. óþarfa áhættu, er hann að eigin sögn fylgdi áfrýjanda eftir og fór út úr bifreiðinni við kirkjuna, eftir að hann hafði fengið bankakort áfrýjanda í hendur. Þykir því rétt, að stefndi beri sjálfur 1/4 hluta sakar, en áfrýjandi bæti honum tjónið að 3/4 hlutum.

Örorkumati Atla Pórs Ólasonar læknis hefur ekki verið hnekk- t,

og er rétt að hafa hliðsjón af því við ákvörðun bóta. Er fallist á niðurstöðu héraðsdóms um útreikning bóta og að þær séu eftir atvikum hæfilega ákveðnar 3.550.000 krónur. Ber áfrýjanda að greiða stefnda 3/4 hluta, 2.662.500 krónur, með sömu vöxtum og dæmdir voru í héraðsdómi.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Óðinn Haraldsson, greiði stefnda, Guðmundi Ægi Jóhannssyni, 2.662.500 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júní 1991 til 26. apríl 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 450.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 4. ágúst, af Guðmundi Ægi Jóhannssyni, Gerðhömrum 3, Reykjavík, gegn Óðni Haraldssyni, Leirubakka 20, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 9.038.700 kr. með vöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 30. júní 1991 til 1. júlí 1994, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. sömu laga frá þeim tíma til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara, að stefnda verði aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar og að krafa hans verði látin sæta skuldajöfnuði við bótakröfu stefnda á hendur stefnanda að mati réttarins.

Málavextir.

Ágreiningslaust er, að stefnandi, sem er leigubílstjóri, ók stefnda úr miðbæ Reykjavíkur að heimili hans að Leirubakka 20, Reykjavík, 30. júní 1991. Að öðru leyti en hér greinir er ágreiningur um málavexti.

Lýsir stefnandi þeim svo, að á leiðarenda hafi komið í ljós, að stefndi

hafði ekki peninga til að greiða fyrir aksturinn. Hafi stefndi verið undir áhrifum áfengis. Hafi hann í engu sinnt tilmælum stefnanda um að sækja peninga í íbúð sína og inna af hendi greiðslu. Við svo búið hafi stefnandi óskað eftir því við stefnda, að hann færi úr bifreiðinni, svo að stefnandi gæti haldið áfram vinnu sinni. Því hafi stefndi neitað. Stefnandi hafi þá ekið bifreið sinni frá heimili stefnda og niður Arnarbakka. Á þeirri leið hafi stefndi boðist til að greiða fyrir aksturinn með greiðslukorti. Stefnandi sé með greiðslukortabjónustu í bifreið sinni og hafi fallist á þetta. Stefnandi hafi hins vegar ekki reynst vera með greiðslukort, aðeins bankakort, sem hann hafi afhent stefnanda, meðan bifreiðin var í akstri.

Skyndilega hafi stefndi opnað aðrar afturdyr bifreiðarinnar og stefnandi þá snöggheilað. Hafi stefndi þá stigið út úr bifreiðinni og gengið í átt að Breiðholtskirkju. Stefnandi hafi ekið inn götuna að kirkjunni, kallað til stefnda og boðist til að aka honum heim, þar sem hann hefði þá haft sönnun fyrir akstrinum og þar með tryggingu fyrir greiðslu aksturskostnaðarins, þ. e. bankakortið. Hafi stefndi þá gengið að stefnanda, ráðist á hann, þar sem hann stóð við bifreið sína, og veitt honum margháttaða áverka með hnefahöggum og spörkum. Hafi stefnandi hlotið af höfuðkúpubrot, nefbrot, skurð á efri vör, sem tók hana nánast í sundur upp fyrir varalínu, mar framan til í heila og bjúg eða bólgu þar í kring, viðbein hafi losnað frá herðablaði og öll liðbönd þar rifnað, auk minni háttar áverka. Varanleg eftirköst þeirra áverka, sem upp voru taldir, séu, að lyktarskyn stefnanda er algjörlega horfið og bragðskyn hans brenglað. Hreyfigeta hægri handleggjar sé skert, verkir séu í hægri öxl, þegar handleggnum er lyft og öxlin læsist í afturstöðu. Dofi sé á utanverðri hægri öxl, rýrnun sé í axlarvöðvum og bólga í upphandleggsvöðvum og herðavöðvum við hægri öxl. Skurður yfir varafloð sé lýtandi. Loks þjáist stefnandi af gleymni.

Hinn 9. október 1992 hafi Atli Þór Ólason læknir skoðað stefnanda og síðan metið varanlega örorku hans vegna líkamsárásarinnar 30% og tíma-bundna frá 30. júní 1991 til 30. janúar 1992 100%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hafi reiknað út tjón stefnanda af völdum örorkunnar, og sé bótakrafan reist á niðurstöðu þess útreiknings. Sundurliðast hún þannig:

Bætur vegna varanlegrar örorku	kr.	8.038.700
Miskabætur	–	1.000.000
Samtals	kr.	9.038.700

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að þegar kom að Leirubakka 20, hafi hann ætlað að gera upp ökugjaldið, sem hann telur hafa verið 1.400 kr., með Visa-greiðslukorti, en stefnandi hafi ekki haft greiðsluvél. Stefnandi hafi þá

tekið kort sitt, en rétt fram bankakort sitt og sagt, að hann yrði að fara inn og láta konu sína skrifa ávísun. Við þetta hafi stefnandi misst stjórn á skapi sínu og neitað sér um að fara út úr bifreiðinni. Hann hafi síðan lagt hendur á stefnda og rífið í skyrtuhálsmál hans. Stefndi hafi þá verið orðinn óttasleginn og orðið feginn, þegar stefnandi hafi sagst munu fara með hann til lögreglu. Stefnandi hafi ekið af stað, en ekki farið til lögreglu, heldur inn á stæðið hjá Breiðholtiðskirkju. Þar hafi stefnandi stöðvað bifreiðina, farið út úr henni, opnað afturdyrnar og gert sig líklegan til þess að ráðast á stefnda. Stefndi hafi varið sig og komist út úr bifreiðinni, en um leið hafi stefnandi ráðist á sig. Hafi orðið þarna áflog á milli þeirra, er hafi endað með því, að stefnandi fór í bifreið sína og ók á brott og skildi stefnda eftir.

Stefndi hafi komist heim til sín, vakið konu sína og beðið hana að hringja í lögreglu. Tilkynning hafi borist lögreglu kl. 4.37 þá um nóttina og lögreglumenn tekið skýrslu af stefnda. Einnig hafi þeir farið eftir ábendingu hans niður að kirkju og fundið þar gleraugu stefnda og blóðþykkildi.

Stefndi hafi farið á slysavarðstofu 1. júlí 1991, og komi fram í vottorði Árna Sch. Thorsteinssonar, sbr. dskj. nr. 8, að stefndi hafði marist á höfði og hálsi, og eymsli voru yfir IV. og V. miðhandarbeini. Mar á hálsi sé „línlaga umhverfis hálsinn“, og sé húð blóðsprungin. Bendi það til þess, að hert hafi verið að hálsi stefnda, og styðji það frásögn hans.

Stefndi hafi lagt fram kærú á hendur stefnanda, og sama hafi stefnandi gert gagnvart stefnda. Málið hafi verið sent ríkissaksóknara 7. júlí 1992, en fellt niður 13. ágúst 1992, sbr. dskj. nr. 16.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að stefndi hafi valdið stefnanda þeim áverkum, sem að framan greini, eins og ráða megi af gögnum málsins. Með því að ráðast af ásetningi á stefnanda hafi stefndi bakað sér skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem af hlaust fyrir stefnanda.

Stefndi hafi haldið því fram, að atvik máls séu með öðrum hætti en stefnandi haldi fram, og hafi stefnandi átt upphaf að átökum þeirra á milli, en sjálfur hafi hann einungis snúist til varnar. Fyrir þeirri staðhæfingu, að neyðarvarnarsjónarmið hafi réttlætt slíka háttsemi, beri stefndi sönnunaryrði. Jafnvel þó að stefnda tækist sönnun um fyrrgreinda fullyrðingu sína, leiði samanburður á áverkum stefnanda og stefnda og atvik öll til þeirrar niðurstöðu, að stefndi hafi farið út fyrir mörk leyfilegra neyðarvarnaraðgerða, eins og á stóð.

Um lagarök vísar stefnandi m. a. til almennra reglna skaðabótaréttarins með stóð í langri dómvenju.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að ósannað sé, að stefndi hafi valdið stefnanda áverkum þeim, er hann telji sig hafa fengið í átökum við stefnda. Er sérstaklega á það bent, að stefnandi hafi ekki kært ætlaða árás fyrr en fjórum tímum eftir, að stefndi lenti í átökum, og leiti lækni seinna.

Pá er því haldið fram, að stefnandi hafi átt upptökin að þessum átökum og stefndi ekki gert annað en verja sig og hafi á engan hátt farið út fyrir mörk eðlilegrar nauðvarnar. Er sérstaklega á það bent, að frásögn stefnda sé í samræmi við vettvangsrannsókn lögreglu, að stefndi kæri strax árásina og að öll viðbrögð stefnanda séu í algjöru ósamræmi við það, sem góður og gegn leigubifreiðarstjóri hagi sér, þegar svo standi á, að farþegi eigi ekki fyrir fari sínu.

Pá er jafnframt á það bent, að ósamræmi sé í framburði stefnanda hjá lögreglu. Á dskj. nr. 6 sé haft eftir stefnanda, að stefndi hafi farið út úr bifreiðinni við Leirubakka 24-26. Sú skýrsla sé gefin 30. júní að morgni. Hann endurtaki þessa fullyrðingu í skýrslu, er hann gefi síðar sama dag, sbr. dskj. nr. 5. Það sé ekki fyrr en 9. ágúst 1991, að stefnandi fari að segja sögu sína í samræmi við sýnileg sönnunargögn, er fundust á vettvangi. Geri þetta framburð stefnanda mjög tortryggilegan, svo að ekki sé meira sagt.

Pá sé einnig rétt að benda á, að stefnandi geri, eins og fyrr segi, engan reka að kærui í máli þessu. Á hinn bóginn kæri stefndi líkamsárás stefnanda þegar í stað, og samkvæmt skýrslu lögreglu sé hann logandi hræddur, sbr. dskj. nr. 4.

Um rök til sýknu vísar stefnandi jafnframt til 218. gr. a, 3. mgr., alm. hgl. Ef ekki sé fallist á sýknu, er því haldið fram, að skipta beri sök og leggja meginhluta sakar á stefnanda, sem átt hafi upptökin að átökunum, og jafnframt beri að meta honum til óvarkárni að fara út úr bifreiðinni, ef sannað þykir, að framkoma stefnda hafi verið í samræmi við frásögn stefnanda. Hafi stefnanda verið í lófa lagið að aka burtu, enda með bankakort stefnda í höndunum og hafi því auðveldlega getað séð, hver maðurinn var, og rukkað hann síðar.

Bótakröfu er mótmælt sem of hárrí. Örorkumati dr. Atla Þórs Ólasonar er mótmælt sem röngu. Pá er örorkutjónsútreikningi mótmælt, sérstaklega hvað varðar tímabundið tjón.

Pá er á það bent, að draga skuli frá bótum vegna skattfrelsis og vegna hagræðis af eingreiðslu. Enn er á það bent, að stefnandi gefi engar upplýsingar um, hvort og hve mikið hann fái greitt úr lífeyrissjóðum eða Tryggingastofnun ríkisins, en draga beri það frá eða líta beri til þess.

Pá beri að líta til þess, að stefndi sé tekjulíttill maður í námi. Beri samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins og dómvenju að taka lítt til efnahags stefnda við ákvörðun bóta.

Miskabótakröfu er mótmælt sem allt of hárrí.

Krafist er skuldajafnaðar, sbr. 28. gr. einkamálalaga, og er í því sambandi vísað til áverkavottorðs á dskj. nr. 4.

Vaxtakröfu er mótmælt, bæði upphafstíma vaxta og vaxtafæti.

Niðurstaða.

Eins og greinir í málavaxtalýsingu málsaðila, er mikill ágreiningur um málsatvik, og stendur þar fullyrðing gegn fullyrðingu um upptök og aðdraganda. Engin vitni voru að atburðum þeim, sem um er deilt í málinu. Óumdeilt er þó, að til átaka kom milli málsaðila. Eftir átökin fóru báðir aðilar á slysadeild Borgarspítalans, þar sem gert var að meiðslum þeirra. Eins og neðangreind læknisvottorð bera með sér, hlaut stefnandi alvarlega áverka, en stefndi hlaut enga alvarlega áverka.

Í áverkavottorði Kristins Guðmundssonar um stefnanda, sem að hluta til er reist á upplýsingum fengnum úr sjúkraskýrslu slysadeildar, segir eftirfarandi:

„Guðmundur, sem er leigubílstjóri, mun hafa orðið fyrir áverkum af hendi farþega að morgni 30. júní 1991. Hann komst heim til sín, en kom síðan á slysadeild Borgarspítalans í fylgd lögreglu.

Í skýrslu slysadeildar kemur fram, að hann hafi við komu verið vakandi, „áttaður“ og getað greint sæmilega frá atburðarás, en nokkuð „meðtekinn“ og reyndar alveg „sjokkeraður“ eftir atburði næturinnar, virðist ekki hafa rotast, en hafði kastað upp einu sinni blóðlituðu. Útbreitt mar var hægra megin á höfði, frá enni aftur á hnacka, og fleiður aftan á hnakkanum. Nokkur blæðing var utan til í vinstra auga, í hvítunni. Glóðarauga þar í kring. Ummerki eftir blóðnasir og nefbrot. Skurður á efri vör vinstra megin við miðju, og „er vörin nánast tekin í sundur upp fyrir varalínu“. Á hægri öxl virtist vera áverka á acromio-clavicular-lið með subluxation eða luxation og talsvert útbreitt mar þar í kring.

Skurður á vör var saumaður saman. Tekin var röntgenmynd af hægri öxl, sem sýndi luxation á acromio-clavicular-lið. Sjúklingur var lagður inn á slysadeild og ráðgerð aðgerð á öxlinni næstu daga. Þann dag var í svæfingu gerð plastik á hægri acromio-clavicular-lið. Samkvæmt aðgerðarlýsingu reyndist vera um total dislocation að ræða og öll liðböndin rifin. Hann var útskrifaður heim 3. 7. 1991, en kom aftur næsta dag, 4. 7. 1991, vegna bakverkja og höfuðverkja. Röntgenmynd af höfði sýndi sprungu hægra megin. Röntgenmynd af mjóbaki sýndi ekki brot. Eymsli voru yfir höfði. Var síðan útskrifaður næsta dag.

Guðmundur kom í þriðja skipti og var lagður inn á heila- og taugaskurðlækningadeild 7. 7. 1991 og lá þar til 10. 7. 1991. Hann kvartaði um slapp-

leika, höfuðverk, svima og flökurleika. Hann hafði kastað upp og gat ekki nærst nógu vel. Við skoðun mundi hann ekki eftir árásinni, en virtist alveg „áttaður“. Svaraði greiðlega og talaði eðlilega. Mar var á vinstra kinnbeini. Taugaskoðun virtist eðlileg. Gerð var tölvusneiðmynd af höfði, sem sýndi lítið mar í heila framan til vinstra megin, og merki um bjúg eða bólgu þar í kring. Guðmundur jafnaði sig smám saman og varð hressari. Hann var útskrifaður 10. 7. 1991.“

Í áverkavottorði Hannesar Hjartarsonar læknis um stefnanda segir eftirfarandi:

„Sjúklingur varð fyrir áverka aðfaranótt 29. 6. 1991 (sic). Sjúklingur lagður inn á bæklunarlækningadeild, og vísast til vottorða þaðan vegna áverka og aðgerða sökum þeirra. Hér á háls-, nef- og eyrnadeild var gert við nefbrot, og kom þá líka í ljós, að lyktarskyn var horfið, en honum ráðlagt að leita hingað aftur að hálfu ári liðnu til að kanna, hvort lyktarskyn myndi batna. Hann kom hingað 24. 1. 1992, og voru gerðar prófanir, sem staðfestu, að lyktarskyn var ekkert. Gerð var tilraun með sterameðferð í 3 vikur, sem bar engan árangur, og endurtekin lyktarprófun 16. 2. leiðir í ljós, að lyktarskyn er algerlega horfið. M. t. t. sögu um áverkann er langlíklegast, að annaðhvort hafi lyktarskynstaugin farið í sundur við höfuðkúpabrotið eða mar í heila, sem lýst var af tölvusneiðmyndum, hafi skemmt þetta center.“

Í læknisvottorði Árna Sch. Thorsteinssonar læknis um stefnda, Óðin, sem byggt er á upplýsingum úr sjúkraskrá hans á slysadeild Borgarspítalans, segir eftirfarandi:

„Þ. 30/6 1991 kl. 17.00 kemur á slysadeild maður, sem gefur upp ofangreint nafn. Hann segir þá sögu, að hann hafi lent í ryskingum við leigubílstjóra nóttina áður. Kvartar fyrst og fremst um verki í hægri hendi. Kveðst einnig hafa verið ölvaður og að hann hafi fengið einhver höfuðhögg í slagsmálum og fannst sem hann hefði vankast. Þá kveðst sjúklingur hafa brotnað niður og grátið alllengi, eftir að hann kom heim til sín eftir átökin, og sér þá verið mjög brugðið.“

Skoðun.

Mar og kúlur á höfði, 2 stykki, 5×5 cm, svolítið mar á efra augnaloki vinstra megin og smáhrúfl á báðum kinnum. Á hálsi er mar og blóðsprungin húð, og eru förin línulaga umhverfis hálsinn. Eymsli yfir IV. og V. miðhandarbeini hægri handar. Svolítið hrúfl á báðum hnjám. Engin taugabrottfallseinkenni.

Tekin er röntgenmynd af hendi, sem er eðlileg. Fer heim með ráðleggingar um endurkomu eftir þörfum.

Þ. 3. 7. kemur hann aftur á slysadeild, fyrst og fremst til að fá endanlegar

niðurstöður röntgenrannsóknar og kvartar enn um eymsli í hægri hendi. Við skoðun er þetta ekki talið alvarlegt, fyrst og fremst mar og vægur tognunaráverki. Engir alvarlegir áverkar. Ekki áformuð endurkoma.“

Lögð hefur verið fram í málinu umsögn og greinargerð Hauks Árnasonar, læknis á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans, um stefnanda og, eins og segir í greinargerðinni, vegna líkamsárásar 30. júní 1991. Staðfesti Haukur greinargerð þessa fyrir dómi.

Í greinargerðinni segir m. a.:

„Guðmundur er ökumaður leigubifreiðar, þegar til orðaskaks kemur, og hefur því ekki getað ráðist að farþeganum, sem hann flutti, heldur var farþeginn, Óðinn Haraldsson, f. 13. 2. 1960, í aðstöðu til að veita Guðmundi áverka, en hverjar orðahnippingar hafa orðið þar á undan, getur enginn vitað um. Áverkar, sem Óðinn hefur fengið og greint er frá í vottorði frá Árna Scheving Thorsteinsson í vottorði, dags. 30/8 1991, eru minni háttar og virðast vera vegna þess, að Guðmundur hefur reynt að verjast og barið frá sér, en högg hans hafa verið mun léttari en þau, sem hann fékk til baka frá farþeganum. Eymsli yfir miðhandarbeini og handarbaki hæ. handar Óðins svo og hrufll skýrast af því, að hann hafi raunverulega fengið þau við það að veita sjálfur Guðmundi áverka, en handaráverki Óðins er dæmigerður „boxaraáverki“.

Allir áverkar Guðmundar eru miklu alvarlegri en Óðins og eru nákvæmlega tíundaðir í bæði læknisvottorðum Kristins Guðmundssonar og Hannesar Hjartarsonar. Er þá fyrst til að taka það, sem Hannes Hjartarson skráir um lyktarskynsbrottfall, sem hefur reynst vera varanlegt og verður ekki nema fyrir alvarlegan áverka á heilabotn eða lyktarskynstaug. Áverkar á höfði voru það þungir, að þeir leiddu til brots á höfuðskel, mars á heilavef auk skurðsárs á efri vör og nefbrots.

Sá áverkinn, sem ég meðhöndlaði og var misgengi á milli viðbeins og herðablaðs, hefur líklegast til komið vegna þess, að Guðmundur hefur fallið við og rekið öxlina niður. Þessi áverki er langoftast, þegar menn falla handalausir til jarðar og reka beint niður öxlina, án þess að þeir nái að bera fyrir sig hönd, og getur það skýrst af því, að hann hafi fengið það alvarlegt höfuðhögg, að hann hafi orðið „rykaður“ í höfðinu, eins og menn verða, þegar þeir fá þungt högg, auk þess sem hann hefur greint frá því, að í sig hafi verið sparkað. Í sárafaum tilfellum kemur þetta misgengi vegna beins áverka yfir öxlinni.

Í sem fæstum orðum sagt er það engum vafa undirorpið frá mínum sjónarhóli, að Guðmundur hafi orðið fyrir áverkum við árás farþegans. Minni háttar áverkar, sem Óðinn fékk, eru, að því er mér virðist, fyrst og fremst til

komnir vegna tilrauna Guðmundar til að verja sig. Hann virðist hafa náð hálstaki einu sinni á Óðni, sem skýrir þá línulaga marbletti, sem sáust á hálsi Óðins. Guðmundur hlaut verulega alvarlega áverka, og voru þessir helstir:

1. heilamar,
2. höfuðkúpabrot,
3. nefbrot ásamt sköddun á lyktarskynfærum,
4. III. stigs liðhlaup um viðbeins- og axlarhyrnulið.

Auk þess hlaut hann ýmsa minni háttar áverka, samanber ofan nefnd vottorð. Að mati tryggingalæknis voru áverkar hans metnir til varanlegrar örorku 30%.

Mótaðilinn virðist hins vegar hafa sloppið með minni háttar skrámur, og verður áverkum þeirra ekki jafnað saman, og tel ég þetta styðja ályktun mína um trúverðugheit sögu Guðmundar.“

Stefnandi bar fyrir dómi, að hann hefði ekið stefnda niður að Breiðholtskirkju og ætlað að reyna að tala hann til. Stefndi hafi gengið svolítið frá bílnum og stefnandi ekið um það bil tvær billengdir inn á staðið og staðnæmst þar. Hann hafi farið út úr bílnum og staðið við hann, þegar stefndi komi allt í einu til baka, og stefnandi ekki vitað, fyrr en hann var sleginn. Eftir það muni hann eiginlega ekkert eftir sér annað en það, að hann hafi fallið aftur fyrir sig. Er þessi framburður stefnanda í samræmi við það, sem eftir honum er haft í lögregluskýrslum frá 30. júní 1991, að öðru leyti en því, að af nefndum lögregluskýrslum megj ráða, að þetta hafi gerst á Leirubakka, en ekki við Breiðholtskirkju, en hafa verður í huga, að stefnandi var alvarlega slasaður, er umræddar lögregluskýrslur voru teknar.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af stefnda 30. júní 1991, er hann tilkynnti lögreglu um atburðinn, kemur fram, að er málsaðilar voru komnir að Breiðholtskirkju, hafi stefnandi rifið upp hurðina og gripið í skyrtukraga stefnda og hent honum út úr bifreiðinni. Síðan segir í skýrslunni: „Óðinn segist hafa staðið upp, og upphófust þá slagsmál milli þeirra. Eitt af höggum Óðins hitti síðan leigubílstjórann í andlitið, svo að hann féll á jörðina. Segist Óðinn síðan hafa aðstoðað hann á fætur. Blæddi þá þó nokkuð úr andliti bílstjórans, en hann settist síðan upp í bifreiðina og ók á brott.“

Enda þótt stefndi hafi aðspurður um þetta fyrir dómi ekki munað eftir að hafa sagt framanritað við lögregluþjóninn, er skýrslu tók, þykir umrædd skýrsla, sem var hin fyrsta, er tekin var af stefnda eftir atburðinn, samt sem áður styðja framangreindan framburð stefnanda.

Þá þykir greinargerð Hauks Árnasonar læknis svo og framburður hans

fyrir dómi styðja framburð stefnanda, en eins og að framan er rakið, telur læk'nirinn handaráverka stefnda vera dæmigerðan „boxaraáverka“. Þá kemur fram í vottorði Árna Sch. Thorsteinssonar, að er stefndi kom á slysadeild Borgarspítalans, kvartaði hann aðallega um verk í hægri hendi.

Sýnt hefur verið fram á, að stefnandi hlaut alvarlega áverka í átökum við stefnda 30. júní 1991, sem sjálfur hlaut ekki alvarlega áverka, sbr. fram lagt læk'nisvottorð Árna Sch. Thorsteinssonar. Þegar framanritað er virt, þykir einnig hafa verið sýnt fram á, að stefndi hafi verið valdur að umræddum áverkum. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi átt upptökin að átökunum, en hann hafi sjálfur einungis verið að verja sig. Stefnda hefur gegn andmælum stefnanda hins vegar ekki tekist að sýna fram á, að um nauðvörn hafi verið að ræða af hans hálfu, og ber hann hallann af sönnunarskorti þar að lútandi.

Stefndi telst því samkvæmt framansögðu hafa með framferði sínu bakað sér skaðabótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi varð fyrir umrætt sinn.

Samkvæmt örorkumati Atla Þórs Ólasonar læk'nis, sem hefur ekki verið hnekkt, er örorka stefnanda metin 100% tímabundin örorka frá 30. júní 1991 til 30. janúar 1992, í sjö mánuði, en varanleg örorka er metin 30%.

Í samantekt og áliti í nefndu örorkumati segir eftirfarandi:

„Hinn 30. 6. 1991 varð Guðmundur Jóhannsson fyrir líkamsárás við störf sín sem leigubílstjóri. Við árásina hlaut hann högg á höfuð, andlit og öxl.

Högg á höfuð leiddi til brots á höfuðskel og mars á heilavef. Guðmundur missti meðvitund um nokkurn tíma eftir slysið. Hann hlaut skurðsár á efri vör, sem gróíð hefur vel, en skilið eftir sig rétt um cm ör, nokkuð áberandi. Hann hlaut nefbrot og skemmd á lyktartaug, svo að nú hefur hann ekkert lyktarskyn og skert bragðskyn. Eftir slysið hefur borið á vaxandi gleymni, bæði á heimilisföng, nöfn og verk. Þarf hann iðulega að skrifa hluti hjá sér til að gleyma þeim ekki.

Áverki á hægri öxl leiddi til liðbandaslita milli ytri enda hægra viðbeins og herðablaðs, sem saumað var saman og fest með festijárnum. Árangur aðgerðar er mjög góður, svo að liðurinn er nú í réttum skorðum. Afleiðingar áverkans eru þær, að nokkur hreyfiskerðing er í liðnum og áreynslubundnir verkir, sérstaklega þegar unnið er upp fyrir axlarhæð.

Varanlegur vefjaskaði eftir líkamsárásina 30. 6. 1991 er því skemmd lyktartaug og skerðing á bragðskyni, sem í heild er metin til 15% varanlegrar örorku, skerðing á hreyfigetu hægri axlar og erting á húðtaug við axlarlið (nervus axillaris), sem í heild er metin til 10% varanlegrar örorku, og að lokum gleymni, sem metin er til 5% varanlegrar örorku.

Í heild er því varanleg örorka 30%.

Á dskj. nr. 13 liggur fyrir útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings á fjárhagslegu tjóni stefnanda miðað við fram lagt örorkumat, en þar segir m. a.:

„Samkvæmt ljósrítum af skattframtölum Guðmundar voru vinnutekjur hans árin 1988-1990 eins og að neðan greinir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga.

		Tekjur	Umreiknaðar tekjur
Árið 1988	kr.	1.145.243	kr. 1.500.500
– 1989	kr.	1.318.305	– 1.511.500
– 1990	kr.	1.716.126	– 1.842.900
			<u>kr. 1.677.200</u>

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur		Tekjutap
Árið 1991, frá slysdegi	kr. 843.300	kr.	843.300
Árið 1992	– 1.677.200	–	601.000
Síðan árlega	– 1.672.200	–	503.200

Höfuðstólsverðmæti tekjutaps reiknast mér á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 965.300
Vegna varanlegrar örorku	<u>kr. 7.073.400</u>

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 424.400 kr.

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 8/6 1994 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (6% frá slysdegi, 7% frá 1/8 1991, 4% frá 11/10 1991, 3,75% frá 1/11 1991, 3,5% frá 21/11 1991, 3% frá 1/12 1991, 2,5% frá 1/2 1992, 2% frá 11/2 1992, 1,25% frá 21/3 1992, 1% frá 1/5 1992, 1,25% frá 11/8 1993 og 0,5% frá 11/11 1993). – Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 5,23%. – Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árunna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir samskipti reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.“

Við ákvörðun bóta í máli þessu verður framangreindur útreikningur hafður til hliðsjónar.

Samkvæmt stefnu í málinu er einungis gerð krafa um bætur vegna varanlegrar örorku, en samkvæmt framangreindum útreikningi nemur tjón vegna hennar 7.073.400 kr.

Eins og fram kemur í örorkumatinu, er skemmd á lyktartaug og skerðing á bragðskyni metin til 15% varanlegrar örorku og gleymni til 5% varanlegrar örorku. Fram hefur komið, að eftir slysið var stefnandi fluttur til í starfi innan Áburðarverksmiðju ríkisins, þar sem lyktarskyn hans var skert. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á, að það hafi haft í för með sér tekjutap fyrir stefnanda. Hugsanlegt telst, að skerðing á lyktarskyni og bragðskyni svo og gleymni geti komið til með að skerða möguleika stefnanda til þess að afla sér tekna framvegis. Hins vegar þykir ljóst, að inni í þessu mati sé miski fölginn að verulegu leyti, en ljóst þykir, að stefndi hefur við slysið orðið fyrir miska, sem honum bera bætur fyrir. Samkvæmt framansögðu þykir því rétt að ákveða bætur fyrir fjártjón og miska í einu lagi.

Að teknu tilliti til greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, samtals 586.561 kr., og greiðslu úr slysatryggingu hjá Vátryggingafélagi Íslands, 1.098.039 kr., skattfrelsis bótanna svo og eingreiðsluhagræðis þykja bætur til stefnda hæfilega ákveðnar 3.550.000 kr. Innifalið í þeirri fjárhæð er 424.400 kr. verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins, en sömu rök þykja standa til þess að bæta tjón vegna tapaðra lífeyrisréttinda og tekjumissis.

Vextir dæmast eins og greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 400.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Óðinn Haraldsson, greiði stefnanda, Guðmundi Ægi Jóhannssyni, 3.550.000 kr. með vöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 30. júní 1991 til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 400.000 kr. í málskostnað.